



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 18. nóvember 2020
SFS2019090106
196. fundur
HG

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðlögun barna í leikskóla í haust

Á 194. fundi skóla- og frístundaráðs 27. október 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um hvort öllum þeim börnum sem lofað var aðlögun í leikskóla í haust hafi getað hafið hana.

Svar:

Öll börn sem fengu boð um vistun í stóru innrituninni í mars 2020 hafa hafið leikskólagöngu. Starf leikskólanna er lifandi og börn eru að flytja milli hverfa og sveitarfélaga, því er alltaf einhver hreyfing og leikskólastjórar eru sífellt að bjóða í laus pláss. Áhersla hefur verið lögð á að bjóða í laus pláss þrátt fyrir óvissu um nákvæmar tímasetningar varðandi aðlögun. Þeim börnum sem hefur verið boðin vistun í leikskólum í haust, hafa ekki öll geta hafið aðlögun sökum Covid. Einhverjir leikskólar eru byrjaðir að aðlaga eftir að hafa fundið leiðir til þess. En aðrir leikskólar eiga erfitt með að fá foreldra inn sökum takmarkana vegna húsnæðis og hólfaskiptingar.